



Reykjavík, 1. nóvember 2016

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um hækkun sveiflujöfnunarauka

Hinn 1. mars 2016 tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um að nánar tiltekin fjármálafyrirtæki viðhaldi eiginfjáruka vegna kerfisáhættu, eiginfjáruka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki og sveiflujöfnunarauka í samræmi við tilmæli fjármálastöðugleikaráðs frá 22. janúar 2016, sbr. 86. gr. b – 86. gr. d laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Samkvæmt 1. mgr. 86. gr. d laga um fjármálafyrirtæki ber fjármálastöðugleikaráði að endurskoða gildi sveiflujöfnunarauka ársfjórðungslega. Hinn 30. september 2016 beindi fjármálastöðugleikaráð rökstuddum tilmælum til Fjármálaeftirlitsins um hækkun sveiflujöfnunarauka um 0,25 prósentur.

Hinn 1. nóvember 2016 tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um hækkun sveiflujöfnunarauka í samræmi við tilmæli fjármálastöðugleikaráðs.

Fjármálaeftirlitið hefur í dag birt hlutaðeigandi fjármálafyrirtækjum ákvörðun sína og er hún hér með birt opinberlega í samræmi 1. mgr. 86. gr. d laga um fjármálafyrirtæki.

Hækkun sveiflujöfnunarauka

Megintilgangur sveiflujöfnunaraukans er að auka viðnámsþrótt fjármálakerfisins og veita fjármálafyrirtækjum aukið svigrúm til útlána í fjármálaniðursveiflu. Þessu markmiði er best mætt með því að byggja upp sveiflujöfnunaraukann við hagfelldar aðstæður þegar fer saman uppsveifla fjármála- og hagsveiflunnar og losa hann að hluta eða að fullu við fjármálaniðursveiflu. Fjármálaeftirlitið tekur því undir með fjármálastöðugleikaráði og telur mikilvægt að ljúka uppbyggingu aukans áður en til fjármálaniðursveiflu kemur og þörf verður á losun hans. Fjármálaeftirlitið telur einnig mikilvægt, eins og fjármálastöðugleikaráð nefnir í rökstuðningi sínum, að með því að byggja sveiflujöfnunaraukann upp tímanlega sé hægt að hægja á uppbyggingu aukans komi til samdráttar í hagkerfinu áður en fjármálasveiflan hefur náð hámarki sínu.

Að mati Fjármálaeftirlitsins getur frávik skuldahlutfalls frá leitni verið óheppilegt viðmið um stöðu fjármálasveiflunnar á Íslandi eitt og sér. Rannsóknir eru misvísandi um gæði mælikvarðans og hafa jafnvel sýnt að mæliskekkjur í leitni skuldahlutfallsins geri það að verkum að mælikvarðinn geti verið óáreiðanlegur.^{1,2} Fjármálaeftirlitið telur þó mikilvægt að líta til vísisins og viðmiðs Basel-nefndarinnar við mat á gildi sveiflujöfnunaraukans, eins og gert er ráð fyrir samkvæmt 2. mgr. 136. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, og meta hvort vísirinn gefi skýra mynd af stöðu fjármálasveiflunnar hverju sinni.

¹ Mathias Drehman og Kostos Tsatsaronis: „The credit-to-GDP gap and countercyclical capital buffers: questions and answers“. *BIS Quarterly Review*, mars 2014.

² Rochelle M. Edge og Ralf R. Meisenzahl: „The unreliability of credit-to-GDP ratio gaps in real-time: Implications for countercyclical capital buffers“. *International Journal of Central Banking*, ágúst 2011, bls. 261-298.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Til að meta stöðu fjármálasveiflunnar þarf þó einnig að líta til fleiri vísa, eins og leiðbeiningar Evrópska kerfisáhætturáðsins leggja áherslu á.³ Rannsóknir hafa sýnt að húsnæðisverð og útlánavöxtur séu góðir vísar fyrir framgang fjármálasveiflunnar.⁴ Sem stendur er útlánavöxtur hóflegur en húsnæðisverð hefur hins vegar hækkað mikið á undanförunum misserum sem bendir til þess að uppgangur fjármálasveiflunnar sé hafinn. Lagt hefur verið mat á fjármálasveiflu Íslands út frá sameiginlegri sveiflu fjármálabreyta sem tengjast útlánum, efnahagsreikningum banka og húsnæðisverði. Niðurstöður þeirrar rannsóknar sýnir að uppsveifla fjármálasveiflunnar hófst 2013.⁵

Með vísan til framangreinds og tilmæla fjármálastöðugleikaráðs kveður Fjármálaeftirlitið á um 1,25% sveiflujöfnunarauka á innlendar áhættuskuldbindingar allra fjármálafyrirtækja, bæði hvers fyrir sig og á samstæðugrunni, nema þau sem eru undanskilin aukanum samkvæmt 4. mgr. 86. gr. d laga um fjármálafyrirtæki, og að hann taki gildi 12 mánuðum eftir ákvörðun stofnunarinnar. Við útreikning eigin fjár sem skal viðhalda ber að líta til vegins meðaltals sveiflujöfnunarauka hér á landi og í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu, í samræmi við hlutdeild áhættuskuldbindinga í hlutaðeigandi ríkjum, sbr. 3. mgr. 86. gr. d sömu laga.⁶

Samandregin niðurstaða

Með hliðsjón af ákvörðun þessari og ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 1. mars 2016 skulu fjármálafyrirtæki⁷ viðhalda eiginfjárukum í samræmi eftirfarandi töflur:⁸

Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn				
Dagsetning	1.11.16	1.1.17	1.3.17	1.11.17
Eiginfjáruki vegna kerfisáhættu	3%	3%	3%	3%
Eiginfjáruki vegna kerfislegs mikilvægis	2%	2%	2%	2%
Sveiflujöfnunarauki			1%	1,25%
Verndunarauki	1,75%	2,5%	2,5%	2,5%
Samanlögð krafa um eiginfjáruka	6,75%	7,5%	8,5%	8,75%

³ Recommendation of the European Systemic Risk Board of 18 June 2014 on guidance for setting countercyclical buffer rates (ESRB/2014/1). Evrópska kerfisáhætturáðið, Frankfurt 2014.

⁴ Claudio Borio og Mathias Drehman: „Assessing the risk of banking crises – revisited“. *BIS Quarterly Review*, mars 2009.

⁵ Bjarni G. Einarsson, Kristófer Gunnlaugsson, Þorvarður Tjörvi Ólafsson og Þórarinn G. Pétursson: „The long history of financial boom-bust cycles in Iceland. Part II: Financial cycles“. *Central Bank of Iceland Working Paper nr. 72* frá 2016.

⁶ Fjármálaeftirlitið mun setja nánari reglur um útreikning sveiflujöfnunarauka í samræmi við tæknilega eftirlitsstaðla (ESB) nr. 1152/2014 og 2015/1555 áður en sveiflujöfnunaraukinn tekur gildi, sbr. umræðuskjöl nr. 4/2016 og 6/2016 sem birt eru á vef stofnunarinnar.

⁷ Viðhalda skal eiginfjárukum jafnframt á samstæðugrunni.

⁸ Fjármálaeftirlitið gerir þann fyrirvara að gildi eiginfjáruka kunna að breytast komi fram ný tilmæli frá fjármálastöðugleikaráði á nefndu tímabili. Jafnframt er miðað við að allar áhættuskuldbindingar séu innlendar. Endanleg niðurstaða ræðst af hlutdeild erlendra áhættuskuldbindinga í áhættugrunni og gildis sveiflujöfnunarauka erlendis.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Kvika banki

Dagsetning	1.11.16	1.1.17	1.3.17	1.11.17	1.1.18	1.1.19
Eiginfjáruki vegna kerfisáhættu	1%	1,5%	1,5%	1,5%	2%	3%
Sveiflujöfnunarauki			1%	1,25%	1,25%	1,25%
Verndunarauki	1,75%	2,5%	2,5%	2,5%	2,5%	2,5%
Samanlögð krafa um eiginfjáruka	2,75%	4%	5%	5,25%	5,75%	6,75%

Sparisjóður Austurlands, Sparisjóður Höfðhverfinga, Sparisjóður Strandamanna og Sparisjóður Suður-Þingeyinga

Dagsetning	1.11.16	1.1.17	1.3.17	1.11.17	1.1.18	1.1.19
Eiginfjáruki vegna kerfisáhættu	1,5%	1,5%	1,5%	1,5%	2%	3%
Sveiflujöfnunarauki			1%	1,25%	1,25%	1,25%
Verndunarauki ⁹	1%	1,75%	1,75%	1,75%	2,5%	2,5%
Samanlögð krafa um eiginfjáruka	2,5%	3,25%	4,25%	4,5%	5,75%	6,75%

Borgun, Lánasjóður sveitarfélaga, Lýsing og Valitor

Dagsetning	1.11.16	1.1.17	1.3.17	1.11.17
Sveiflujöfnunarauki			1%	1,25%
Verndunarauki	1,75%	2,5%	2,5%	2,5%
Samanlögð krafa um eiginfjáruka	1,75%	2,5%	3,5%	3,75%

Byggðastofnun

Dagsetning	1.11.16	1.1.17	1.3.17	1.11.17	1.1.18
Sveiflujöfnunarauki			1%	1,25%	1,25%
Verndunarauki ¹⁰	1%	1,75%	1,75%	1,75%	2,5%
Samanlögð krafa um eiginfjáruka	1%	1,75%	2,75%	3%	3,75%

Viðhaldi fjármálafyrirtæki ekki eiginfjárukaum takmarkast útgreiðslur þess í samræmi við 6. mgr. 86. gr. a laga um fjármálafyrirtæki.¹¹ Auk þess skal stjórn hlutaðeigandi fyrirtækis senda Fjármálaeftirlitinu áætlun um verndun eigin fjár samkvæmt 86. gr. f sömu laga. Viðhaldi fjármálafyrirtæki ekki eiginfjáruka vegna kerfisáhættu og fyrrnefndar takmarkanir á útgreiðslum eru ekki taldar duga til þess að styrkja eiginfjárgrunn fyrirtækisins getur Fjármálaeftirlitið gripið til aðgerða samkvæmt 4. mgr. 86. gr. b laga um fjármálafyrirtæki.

⁹ Sbr. ákvæði til bráðabirgða XIII í lögum um fjármálafyrirtæki.

¹⁰ Sbr. ákvæði til bráðabirgða XIII í lögum um fjármálafyrirtæki.

¹¹ Sbr. og reglur nr. 1270/2015 um hámarksútgreiðslufjárhæð og takmarkanir á útgreiðslum fjármálafyrirtækja vegna eiginfjáruka.